

**Borgarstjórn**  
**15. september 2020**

**Umræða um friðlýsingu í Álfsnesi og við Þerneyjarsund til verndar miðaldahafnar í Reykjavík að beiðni borgarfulltrúa Miðflokksins**

**Greinargerð:**

Minjastofnun hefur óskað eftir að friðlýsing menningarlandslags á Álfsnesi og við Þerneyjarsund taki strax gildi. Þerneyjarsund inniheldur einstakt menningarlandslag. Þar var ein af fimmtán kauphöfnum á Íslandi sem siglt var til á síðöldum og búsetu fram á 20. öld. Við Þerneyjarsund var hafskipahöfn á 14. og 15. öld og á þeim tíma var þar ein aðalhöfn landsins. Í heimildum frá 1429 kemur fram að Skálholtsstóll hafði aðstöðu við sundið vegna utanlandsverslunar og að auki kemur fram að ummerki eru um búskap á fyrri hluta 20. aldar fyrir tíma vélaaldar. Kristján Eldjárn, fyrrverandi forseti Íslands og þjóðminjavörður, hvatti til þess á sínum tíma að svæðið yrði varðveitt fyrir öllu raski. Hér er um mikil menningarverðmæti að ræða, ekki bara fyrir Reykvíkingsa heldur landsmenn alla.